



Vetrarstilla við Vífilsstaðavatn Ungir sem aldnir nutu veðurbliðunnar í gær úti í náttúrunni, ýmist mynduðu fallegan himin, lágu og horfðu upp í himininn eða brugðu á leik.

Þingvellir, Skálholt og ferðaiðnaðurinn

Eftir Jónas Haraldsson

Nýlega varð það hörmulega slys, að erlend kona fórst við frokköfun í gjánni Silfrú, sem er í miðjum þjóðgarðinum á Þingvöllum, eins og mörgum er kunnugt um. Þetta banaslys er það þriðja á þessum stað á nokkrum árum og hefur stundum munað mjöðu að illa færi og mun því miður varla verða síðasta banaslysið þarna að óbreyttu. Er ekki vitað til þess að jafnmörg banaslys hafi orðið í nokkrum öðrum erlendum þjóðgarði, a.m.k. á jafn skömmum tíma. Öll þessi banaslys koma óorði á Þingvelli, sem stað sem gæti verið lífshættulegt að heimsækja því ljóst er að ekki munu allir útlendingar átta sig á því að þessi banaslys hafa eingöngu orðið á einum stað í þjóðgarðinum, þ.e. í gjánni Silfrú. Þar hefur sjó atvinnurekendum verið úthlutað afnotaleyfi til frokköfnunar gegn smávægilegu gjaldi til þjóðgarðsins sem væntanlega er notað til viðhalds hans.

Á Þingvöllum á ekki að leyfa neina atvinnustarfsemi með tilheyrandi athafnarými og og átroðningi. Breytir engu þótt erlendir ferðamenn kunni að hafa af því ánægju og ferðabjónustan jafnframt fjárhagslegan ábata af atvinnustarfsemi. Þingvellir eru ekki skemmtigarður heldur þjóðgarður og flestum Íslendingum helgur staður. Staður fyrir hinn gangandi þar sem leyfð er takmörkuð bílaumferð og fræðslu- og þjónustumiðstöð við þjóðveginn, eins og er í dag. Ekki er annað.

Banna á alla frokköfun í Silfrú, sem aldrei átti að leyfa, frekar en væri með aðra atvinnustarfsemi í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Þyki mönnum á hinn bóginn það vera í lagi að stundaður sé atvinnurekstur þarna, þá yrði að gæta jafnræðis og leyfa þá öðrum að selja afþreyingarþjónustu fyrir ferðamenn. Ýmsir möguleikar væru þarna fyrir ferðaiðnaðinn til að fénýta sér þjóðgarðinn á Þingvöllum með því að búa til ný viðskiptatækifæri og söluvænar ferðir á þennan stað. Hefðu vafalaust margir ferðamenn áhuga á að fá að geysast um á fjórhjólum eftir göngu- stígnum, á vélsleðum nú eða hundasleðum á veturna, æfa fjallaklifur í Almagnagjá eða svifdrekflug og hvað annað í þjóðgarðinum, sem gæti glatt ferðamanninn og gert för hans eftiminnilegri og skapað ferðaiðnaðinum tekjur.



Jónas Haraldsson

Jafnframt gæti þjóðgarðurinn fengið nokkrar krónur fyrir leigu af þessum afnotum af Þingvöllum.

Fyrir nokkrum árum kom fram sú hugmynd að láta smíða risastóra miðaldakirkju í Skálholti, sem átti að fjármagna með aðgangseyri, sem aldrei hefði gengið upp, en almenningur setið uppi með bygginga- og rekstrarkostnaðinn. Sá sem beitti sér einna mest fyrir þessari tilgátusmíði er starfsmaður Icelandair og skal hér fullt, að ekki hafi það verið af áhuga á kristnihaldi í Skálholti

» Á Þingvöllum á ekki að leyfa neina atvinnustarfsemi með tilheyrandi athafnarými og átroðningi.

eða kirkjusögunni. Hér átti greinilega að gera „Gullna hringinn“ áhugaverðari og söluvænni, því ekki hefur öllum útlendingum þótt Skálholtskirkja neitt sérstakt sjónarspil miðað við erlendar dómkirkjur. Bæta skyldi úr því með nýju aðráttarafi fyrir ferðamennina og reisa miðaldakirkju til viðbótar við svokallaða Þorlákshöfn, en sú nýsmíði vekur einhverja athygli sumra ferðamannanna, en dugar ferðabjónustunni greinilega ekki. Vegna fjölda mótmæla var þessi hugmynd um miðaldakirkjuna slegin af sem betur fer, hvað sem síðar verður. Fer það þá væntanlega eftir þeim þrýstingi, sem ferðaiðnaðurinn kann hugsanlega að beita til að gera ferðina í Skálholt eftirsóknarverðari fyrir hina erlendu ferðamenn. Tvívólí þarna kæmi þó aldrei til greina.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þá vil ég vinsamlegast beina því til þeirra í ferðaiðnaðinum, sem hafa það að markmiði að búa til söluvæna vöru fyrir erlenda ferðamenn, að reyna að láta í friði þá staði, sem í augum flestra Íslendinga eru helgir staðir. Getur maður þó út af fyrir sig skilið að ráðamenn þessara áður nefndu staða og annarra slíkra, sem eru fjárvana, geti látið freistast af fjárboðum aðila í ferðabjónustunni til að reyna að halda þessum stöðum við. Varla þyrfti þó Fjallkonan að selja sig til að geta haldið skautbúningi sínum við.

Höfundur er lögfræðingur.

Ábyrgð fylgir frelsi

Eftir Andrés Magnússon

Enn á ný er til umfjöllunar á Alþingi sem og á samfélags- og fréttamiðlum frumvarp til laga þar sem lagðar eru til breytingar á smásölu áfengis. Eins og oft áður þegar mál þetta er til skoðunar er opnað á miklar og heitar umræður þeirra aðila sem taka afstöðu með eða á móti slíkum breytingum. Skoðanaskipti um mál sem okkur varða eru mikilvæg og til þess fallin að draga fram sjónarmið ólíkra skoðana og aðstoða okkur við taka upplýsta ákvörðun í þeim málum. Hins vegar er mikilvægt að öll sjónarmið nái fram að ganga og tekið sé tillit til þeirra á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga.

Í umræðunni um boðaðar breytingar hefur verið áberandi m.a. það sjónarmið að verslunin muni ekki sýna ábyrgð í verki varðandi eftirfylgni með ströngum skilyrðum um sölu áfengis. Sem afleiðing þessa muni áfengisneysla aukast vegna aukins aðgengis og meintrar tilslökunar á smásölu og afhendingar á áfengi. Hagsmunagæsla mismunandi sjónarmiða er því mikil varðandi þetta mál. Greina þarf þó á milli gagnrýni sem annars vegar grundvallast á lýðheilsu- sjónarmiðum og hins vegar tvískunningshagsmunaaðila sem telja að aukin samkeppni ógni einokun þeirra á vöruhillum og útstillingum ríkisins.

Verslunin telur mikilvægt að virða þær opinberu og lagalegu kröfur sem gerðar eru til hennar á hvaða sviði sem það er og væri áfengi þar engin undantekning á. SVP bendir á að nú þegar hafa einkaaðilum undanfarna áratugi verið falin í síauknum mæli hlutverk sem varða almannaheill eða sölu á vörum með tiltekna hættueiginleika, hvort sem það er sala á tóbaki, lyfjum, skotfærum og skoteldum eða efnavörum o.s.frv. Þá hafa einkaaðilum einnig verið falin ýmis hlutverk varðandi eftirlit með öryggisþáttum og lýðheilsu í okkar samfélagi, s.s. ökutækjaskoðun og heilbrigðisþjónusta. Á þessum sviðum hefur ekki verið efast um faglega getu þessara aðila og heilindi til að sinna þessum verkefnum og hafa þessir aðilar staðið undir þeirri ábyrgð.

Í þessari umræðu má einnig bera saman þróun varðandi sölu og notkun á annarri vöru sem gjalda þarf varhug við út frá lýðheilsusjónarmiðum, þ.e. tóbak. Tóbak hefur



Andrés Magnússon

um áratugi verið selt í verslunum samkvæmt ströngum reglum um þá sölu. Þrátt fyrir aukið aðgengi að þeirri vöru hafa opinberar upplýsingar sýnt fram á að reykingar hafa dregist verulega saman hér á landi og eru reykingar hér á landi hvað minnstar í Evrópu. Þessu til stuðnings vísast m.a. til Talnabrunns – Fréttabréfs landlæknis um heilbrigðismál (9. árg. 5. tölublað. Maí 2015). Taka verður undir það sem fram kemur í umræddu fréttu-

» Tóbak hefur um áratugi verið selt í verslunum samkvæmt ströngum reglum um þá sölu.

bréfi að þennan árangur má rekja til öflugss tóbaksvarnarstarfs.

Verður að draga þá ályktun að sömu sjónarmið hljóta að eiga við um aðra vöru, s.s. áfengi, að þar skipti mest máli að halda úti öflugri forvarnarstarfi og fræðslu um skaðsemi vörunnar og skiptir það jafnvel meira máli en hver sölustaðurinn er hverju sinni. Því ber að fagna þeirri tillögu frumvarps- höfundu að leggja til auknið fjármagn í lýðheilsusjóð og að Lýðheilsusjóður skuli leggja sérstaka áherslu á forvarnaverkefni á sviði áfengisvarna.

SVP telja því mikilvægt að upplýst ákvörðunartaka um hvort smásala á áfengi eigi að færast frá hinu opinbera yfir til einkaaðila verði að grundvallast á öðrum þáttum en eingöngu þeim sjónarmiðum að versluninni sé ekki treystandi að annast þá sölu. Með skýrum skyldum á verslunina og öflugri forvarnarstarfi er unnt að viðhalda skýrri lýðheilsustefnu í áfengismálum og mun þar tilfærsla á smásölustöðum ekki hafa úrslitaáhrif varðandi neysluhegðun er viðkemur áfengi.

Verslunin er tilbúin að taka á sig þá ábyrgð og virðingu gagnvart almannaheill sem smásala áfengis hefur í för með sér. Hefur verslunin þegar tekið á sig ábyrgð varðandi aðra viðkvæma vöruflokka og gengið til þeirra verka af fullum heilindum.

Höfundur er framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu.